


Lífgeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 52. TBL. 11. ÁRG. SEPT. 1985



Með uppgötvun á eðli draumlífsins er lífgeislan milli stjarnanna í himingeimnum orðin vísindaleg staðreynd.

Helgi Pjeturss.

Úranus og Úmbriel

(Sjá forsíðumynd)

Gervihnötturinn Vayager 2 er á leið til reikistjörnunnar *Úranusar* og mun ná þangað á árinu 1986. Fyrr er ekki hægt að vita nákvæmlega hvernig sú jarðstjarna lítur út úr nálægð séð. Menn halda að lofthjúpur stjörnunnar sé grænleitur á að sjá.

Trúlega eru tungl Úranusar þakin gígum, líkt og tungl þau sem ganga kringum Júpiter og Satúrnus. En hér er fjarlægð svo mikil orðin að slíkt verður ekki greint í bestu sjónaukum, frá jörðu séð.

Listamaðurinn Paul Doherty sem teiknað hefur með-fylgjandi mynd af Úranusi og tungli hans *Úmbriel*, gerir ráð fyrir, að líkt þessu muni útlit þess vera, en það er þó fremur hugarflug en staðreynd.

Úranus er ein af ytri reikistjörnum sólhverfisins og er í 2.870 milljón km. fjarlægð frá sólu, eða 19 sinnum fjær henni en jörðin. Það tekur hann 84 ár að ganga einn hring um sólinu.

Um Úranus ganga 5 tungl, svo vitað sé. Úmbriel er um 1000 km í þvermál og engur um móðurhnöttinn á rúmum 4 dögum. Fjarlægð hans frá Úranusi er 267 þús. km.

Önnur tungl Úranusar eru *Miranda*, *Ariel*, *Titanía* og *Oberon*.

Ingvar Agnarsson.

Þorsteinn Guðjónsson:

Saga íslenskunnar

— danskrar tungu — á fyrri öldum

Rita hefi eg látið frá upphafi òvi konunga þeirra er ríki hafa haft á Norðurlöndum og á danska tungu hafa mælt.

*Snorri Sturluson
(Formáli Ólafssögu)*

Líklega hefur enn ekki tekist með öllu að uppræta þá þekkingu greindra Íslendinga af eldri kynslóð og miðaldra, að íslenskan sé enn það mál sem forfeður okkar töluðu, þegar þeir fluttust hingað frá Norðurlöndum fyrir ellefu hundruð árum, enda hefur þessu aldrei verið með rökum mótmælt. Að vísu hefur ýmsum málfræðingum, erlendum og sumum innlendum, verið mjög óljúft að viðurkenna þetta. Hafa þeir því leitað undanbragða og fundið sér ýmislegt til, eins og breytingar á framburði, sérhljóðalengd, orðaforða og setningaskipun, sem orðið hefur í aldanna rás. En þó að slík atriði séu allrar athygli verð, sem vottur um breytingar og ýmiss konar áhrif, þá hnekkja þau í engu því að málið er í höfuðdráttum hið sama, og að þróun þess er óslitin, allt frá upphafsstiginu, sem við kynnumst í hinum elstu kvæðum, frá fyrri hluta 9. aldar. Og síst breyta þau neinu um það að fram undir þetta hafa greindir unglingsar hér á landi getað lesið Íslendingasögur í frumgerð sér til fulls gagns.

Málið hefur framundir þetta verið hið sama, og þó var festan mest í því fyrstu aldirnar, og það svo, að fræðimenn eiga oft erfitt með að skera úr um einstaka dróttkvæða vísu, hvort hún muni vera ort um 800 eða um 1200, um 900 eða um 1300. Það er óhætt að segja, að festan í máli, hugsun, formi og viðfangsefnum skáldanna er á

þessu tímabili alveg einstök, og mega Íslendingasögur vissulega teljast að nokkru leyti afrakstur þeirrar löngu og stöðugu þróunar. Auðug er saga dróttkvæðanna og annarra fornorrænna kvæða, þó að fáir þekki hana, en kalla má að skáldið Eysteinn Ásgrímsson setji þeirri þróun eftirmæli í kvæði sínu *Lilju* þegar hann kveður:

*Fyrri menn er fræðin kunnu
forn og klök af heiðnum bökum
slungin mjúkt af sínum kóngum
sungu lof í danskri tungu...*
(Lilja 4. erindi).

Lofsvert er það hvernig Eysteinn getur þessa, og er auð-fundið að honum hafa verið þau fræði á ýmsan hátt kær, og fundist erfitt að skiljast við þau. En með Eysteini eða um það leyti tekur við það tímabil, þegar kaþólsk mið-aldaguðfræði nær valdi á Íslendingum (en þó ekki meir en svo að Jón Arason leyfir sér að hafna kenningunni um eilift helviti, — kemur þar fram þróttur hinnar norrænu hugsunar gagnvart lygahugmyndum). Á eftir þessu takा við hinar tvær skelfilegstu aldir Íslandssögunnar: Aldir lútersku, Stóradóms, galdrabrenna, einangrunar, einokunar og stjórnarfarslegrar undirokunar (og þær aldir eru nú í mestum hávegum hafðar á íslenskum frímerkjum). En tunguna héldu menn í fram í rauðan dauðann og var það þó undir lokin mjög farið að spillast hjá heldri mönnum, sem skriðu fyrir útlendu valdi. En mjög er athyglis-vert hvernig eins og dagar yfir íslenskri menningu um og uppúr 1820, með komu Rasks, Baldvins Einarssonar, Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar. Íslenskan réttir úr kútnum á skömmum tíma, og síðan hefst óslitið framfara-tímabil fram yfir 1950. Og á þeim oldufaldi hækandi þróunar kemur Nýall fram, en vegna þess að honum var ekki viðtaka veitt, hefur málínu síðan farið stórhakandi, og alltaf verr og verr. Og er þar meir um sjálfskaparvíti og innri grotnun að ræða en að utanaðkomandi áhrifum sé um allt að kenna.

En um sögu Norðurlandamálanna er þetta að segja, þegar horft er á þau frá þeim sjónarhóli sem saga íslenskunnar er: Um 800 gekk þetta sama mál um öll Norður-

lönd: Danmörku, Svíþjóð og Noreg. Nefndist það dönsk tunga eftir þeim sem næstir bjuggu syðri þjóðum og hélst sú nafngift lengi — eins og kemur fram í vísu Eysteins ofanskráðri. Um öll Norðurlönd varðveitist þetta mál næstu aldir, en misjafnlega lengi þó, — og skyldi nú enginn tala um „þróun” þegar þetta fer að breytast, heldur er beinlínis um niðurfall menningar að ræða. Sýking málsins virðist mér hafa byrjað á Jótlandi sunnan og vestanverðu um 1100, og er nú athyglisvert að þetta gerist í þeim landshluta sem næstur er Englandi. En einmitt um þetta leyti er engilsaxneska mjög á fallanda fæti um allt England, vegna yfirdrottnunar Normannaðalsins, Rómar-kirkjunnar og Gyðinga, en allt þetta kom til landsins með miklu veldi í för með Vilhjálmi bastarði. Engilsaxneskan fer öll úr böndunum á fáeinum áratugum, og munu drottnarar hafa sýnt Engilsöxum mikla fyrirlitningu. Ég hygg að samband sé milli niðurlægingar engilsaxneskunnar um 1100 og hinnar byrjandi málspillingar í Danmörku litlu síðar.

Fyrir 1250 er jóskan búin að tapa miklu af sínum fallendingum og sagnbeygingum, eins og augljóst er af *jósku lögum* Valdimars sigursæla Danakonungs (1241). En nokkru lengur hélt málið velli á eyjunum og á Skáni, en um 1300 má segja að saga norænunnar sé öll í Danmörku.

Í Svíþjóð hélst málið öllu lengur, en sú saga er mér ókunnari. En sá sem les norsk fornbréf frá 14. öld getur auðveldlega séð hversu skyndilega hrún tungunnar bar að þar í landi. Það virðist auðsætt að það hafi verið ríkisforustan sem brást, og mætti þó e.t.v. segja að hún hafi brugðist vegna þess að stoðir hennar fúnuðu: Norskur aðall og stórbændastétt var ekki nema svipur hjá sjón, eftir að kirkjan eignaðist flestar jarðir. En fram yfir 1300 lék enginn vafi á því, að sama málið var talað í Noregi sem á Íslandi, og fram um 1360 eru 70 norsk ríkisskjöl skrifuð á fullgildri norrænu. En svo syrtir yfir og það gerist á tveim eða þrem áratugum að allt fer í graut; orðaröð, setningaskipun, orðatiltæki, beygingar, merkingar og framburður, og það er eins og vitlausir menn séu farnir að skrifa ríkisskjölin. Mjög er það athyglisvert að norska ríkið hverfur úr sögunni einmitt á þessum sömu árum — og ef menn halda að slíkt hafi gerst „fyrir tilviljun” og

aðeins vegna mægða og tengsla milli konungsættanna, þá skjálast þeim. Norskur þjóðarvilji sofnaði löngum svefni um leið og málið glataðist, og Noregur varð dönsk hjálenda til 1814. Enda kveður Ibsen um „Firehundreaarsnatten“, (fjögurraaldanótt Noregs), og siglir Ibsen þar reyndar í kjölfar íslendingsins Jónasar Hallgrímssonar, sem alllöngu áður, (20 árum) hafði ort um „sexhundruð sumur“ Íslands, sem liðin væru frá því að „frelsisröðull um fjöll og hálsa, fagurleifrandi geislum steypti“ eins og sama skáld segir í öðru kvæði. Góður er Ibsen en betri er þó Jónas.

Norrænan leið undir lok í Noregi um 1380-1400, en það sem eftir voru fátæklegar leifar, kalkvistir og jarðlægar tágur þar sem áður voru vöxtulegir skógar, og eru þetta dalamálin norsku, sem reynt var að steypa upp í sameiginlegt mál, nýnorsku, á 19. og 20. öld. En þó að margir merkismenn legðu hug og hönd að því verki, er ég hræddur um að sú tilraun hafi ekki tekist sem skyldi. Mun hinum norsku málbótamönnum hafa missýnst mest um þann stuðning sem þeir hefðu mátt hafa af því að leita meira til Íslendinga en þeir gerðu. Þeir litu yfirleitt ekki við þeim stuðningi sem héðan mátti hafa, eins og vel má sjá á dæmi færeyskunnar. Færeyingar leituðu til Íslendinga, og tókst mun betur að gera mál úr sinni mállýsku en Norðmönnum. En Norðmönnum hætti þá til að eigna sér helst allt fornislenskt. Þeir hefðu aldrei getað trúað því að Ibsen (sem var nú alls ekki í liði með nýnorsku-mönnum), hefði hvað fjögraaldanóttina snerti (stórt hugtak í Noregi lengi) verið um tuttugu árum á eftir bláfátæku íslensku skáldi, Jónasi Hallgrímssyni, sem mjög fáir kunnu að nefna þar í landi.

Þegar Íslendingar fóru svo loks að standa á rétti sínum gagnvart Norðmönnum varðandi forna arfleifð, þá vildi það oft verða á of neikvæðan hátt gagnvart Norðmönnum. Margir Íslendingar urðu fyrir áhrifum af því hvernig Helgi Pjeturss reisti rönd við yfirlægning Norðmanna á sambands en ekki niðurrifs, — en þegar þeir fóru að taka þetta eftir honum, þögðu þeir alltaf um hvaðan þeir hefðu þetta, og stefndu til niðurrifs á sambandi þjóðanna. Vesalmennskan réði, einnig á Íslandi og framhaldið af slíku er nú að koma í ljós. Þegar einum norrænufræðingnum get-

ur dottið í hug að rithöfundar sem eru jafn gerólikir og Sturla Þórðarson annarsvegar og Njáluhöfundurinn hins-vegar séu einn og sami maðurinn, þá er vissulega ekki um mikla glöggskyggni á stílbragð að ræða. Menn sjá hreint og beint ekki hvernig setningar eru myndaðar hjá þessum höfundum.

En þegar annar kemur fram og segir að Staða-Árni (eða Skaða-Árni) sé höfundur Njálssögu, — án þess að nokkrum andmælum sé hreyft þá má segja að menn séu alveg hættir að lesa. Slíkt væri ömurlegur endir á ferli íslenskra fræða í 1100 ár, og hlýtur að vekja þá spurningu hvort til nokkurs sé að vera að skrifa um þessi fræði. Svo mun þó ekki vera, því að sá sem séð hefur sannleikann verður að segja hann, og það er vissulega sannleikur sem hér hefur verið sagt.

SAMBAND — SAMSÁLUN

Draumar verða vegna fjarhrifa.

Draumar eru raunveruleiki ekki síður en vaka (vökulíf). Eini munurinn er sá, að atburðir draumsins gerast í ein-hverri fjarlægð, oftast á öðrum hnöttum. Fjarlæga atburði skynjum við í draumi vegna fjarhrifa. Dreymandinn gerist e.k. þáttakandi í atburðum, sem gerast í fjarlægð. Í draumi samsálast dreymandinn þeim, sem atburðinn reynir í vöku. Vegna sambandsáhrifa finnst dreymandanum hann vera sá sem draumurinn stafar frá. Dreymandinn er þolandinn, en draumgjafinn gerandinn. Samsálun veldur draumum. Draumsamband gerist eingöngu, vegna samsálunar draumpæga við draumgjafa.

Vitund draumgjafans verður allsráðandi, en vitund draumpægans víkur.

Ef einhver vill rökræða þessi mál, þá eru Lífgeislar vett-vangur fyrir slíkar umræður og hugleiðingar.

Félagsfundir Nýalssinna á Álfhólsvegi 121, fyrsta mið-vikudag hvers mánaðar kl. 21, eru einnig vettvangur slíkra umræðna.

Ingvar Agnarsson

Ingvar Agnarsson:

Heimsmyndirnar tvær


I.

Jarðhverfiskenningin

Claudius Ptolemaios, stjörnufræðingur í Alexandríu, var uppi um 100 til 178 e. Kr. Heimsmynd hans er í stuttu máli þessi:

Um hina óhreyfanlegu jörð, sem er þungamiðja heims, hreyfast tunglið, Merkúr, Venus, Sólin, Mars, Júpiter og Satúrnus í ekki alveg sammiðja baugum umhverfis jörðuna á skemmri eða lengri tíma. Auk þess snúast allar fastastjörnurnar ásamt festingu himinsins á hverjum 24 tímum frá austri til vesturs umhverfis jörðina. Hreyfing reikistjarnanna er þó ekki regluleg, heldur hreyfast þær á aðalhvelum sínum í ýmiskonar aukabaugum og virðast þær því renna ýmist fram eða aftur um himininn og ekki hafa neinar samfelldar brautir.

Heimsmynd þessa tók kristin kirkja upp á arma sína og varð hún ráðandi í hugarheimi vesturlandabúa næstu 1300 árin.




Myndin sýnir hér heimsmynd Ptolemaios.

II.

Sólhverfiskenningin

Nicolaus Kóperníkus frá Póllandi var uppi 1473 til 1543 e. Kr. og gerði uppgötvanir þær í stjörnufræði, sem gjör-breyttu heimsmynd þeirri sem ríkjandi hafði verið allt frá dögum Pholemaios. Kóperníkus setti sólina sem þunga-miðju heimsins í stað jarðarinnar. Segja má með vissu að sjaldan hafi jafn mikið skipast í nokkurri fræðigrein með jafnlítilli breytingu og þeirri, sem Kóperníkus gerði á fyrri heimsmynd, er hann hafði sætaskipti á sólu og jörð, og aðrar breytingar gerði hann ekki í raun og veru. En segja má með sanni að breyting þessi hafi valdið hvörfum í hug-arheimi manna, og leitt af sér framfarir í stjörnufræði meiri en áður var hægt að óra fyrir.



Myndin sýnir heimsmynd Kóperníkusa.

Úlfur Ragnarsson, læknir:

Draumar og önnur fyrirbæri

I.

Erindi

(Hér er e. k. framhald draumvitrunar þeirrar sem birtust í síðasta hefti Lífgeisla nr. 51. Erindi þetta var flutt á fundi í Félagi Nýalsinna þann 6. des. 1984 og birt hér ásamt umræðum þeim sem á eftir fóru).

Draumar um svarta sól.

„Mig hefur dreymt marga drauma um það að sólin yrði svört, en þar koma ekki geimverur við sögu. Mig hefur dreymt það alveg hreint síðan kringum 1960, síðastliðin 20 ár, sem mig er búið að dreyma og það er draumur sem er alltaf að koma aftur og aftur, að mig dreymir kolsvarta sól á lofti og óskaplega skelfingu sem grípur um sig hjá fólkini og menn óttast dauðann.“

Draumur um svart ský

En mér fannst dálítið nytsamlegur draumurinn, sem mig dreymdi samt í þessa veru í Austurríki, síðastliðið vor. Mér þótti ég vera í húsi þar, og í draumnum var ég staddir úti í Austurríki, og það er heiður himinn og sól á lofti. Svo sortnar, kemur bara svart ský, og ég segi svona upphátt: „Kemur þá ekki svarta skýið“. Það er gamall kunningi á vissan hátt, og skýið þenst út og fer að breiðast út yfir loftið, og ég veit, að eftir svolitla stund verður orðið koldimmt. Ég segi við fólkið í húsinu: „Flýtið ykkur að safna saman því vatni sem til er, því að það getur liðið að því, að vatnið verður mengað. Og við verðum að hafa vatn. Safnið vatni saman, og svo má enginn fara út úr húsi fyrr en þetta er um garð gengið.“ Og mér fannst ég segja: „Það verður kolamyrkur, í a.m.k. 3 sólarhringa, þá mun birta aftur, og þá verður óhætt að fara aftur út en ekki fyrr.“ Mér fannst loftið mundi verða fullt af einhvers-

konar ryki, einhverskonar geimryki sem ekki mætti anda að sér. Vissi ekki meira um það, nema sá draumur hélt áfram. Mér þótti þetta vera hjá liðið. Ég stóð ásamt vini mínum í grænum dal, jörðin var að grænka, og það var mikill fögnudur og ég sagði við þennan vin minn: „Guði sé lof, jörðin okkar er að grænka aftur.“ Þannig var sá draumur.

Svört sól og svart ský.

Svo dreymdi mig aftur í októberþyrjun líka eitthvað svipað. Mér þótti ég vera á gangi með konu minni og horfi til hafs. Þá var þar kolsvört sól, og ég segi: „Sérðu sólina?“ „Já“, segir hún. „Ætli svarta skyið komi þá ekki líka,“ segi ég, og verður litið til hliðar aðeins. Þá kemur svarta skyið og fer að þenjast út yfir loftið og ég segi: „Við verðum að flýta okkur inn“. Við vorum rétt hjá húsi sem við áttum, héldum þangað. Rétt áður en við komum að húsinu þá kemur karl gangandi, mjög heimspekkilega þenkjandi maður, sem ég þekkti, og segir: „Við þurfum að ræða þetta. Við þurfum að ræða þetta fyrirbrigði fræðilega og rækilega“.

Ég segi bara: „Ertu vitlaus maður!“

Heldurðu að við getum staðið hér og rætt þetta, þangað til við erum báðir dauðir, það gildir ekki nema eitt núna, og það er að koma sér undan, og það sem allra fyrst.“ Og þar með endaði það.

Og ég held að það sé, eitt af því sem við megum líka vara okkur á, í sambandi við svona hluti, það er að gleyma okkur ekki í heimspekkilegri umræðu um hlutina. Reyna að ráða í hvað atvikin merkja, reyna að finna út hvað er að gerast. Það eru svo mörg hættumerki einhvernvegin sem eru að steðja að, það er eitthvað sem vofir yfir okkur ef við sjáum ekki að okkur.

Endurtekið samband við geimmanninn.

Síðan ég varð fyrir þessum fyrirburði barna, þá hef ég haft samband við geimmanninn, ég hef alltaf öðru hvoru orðið var við hann og ég held að það sé einmitt hann sem

þrýstir svona fast á mig að þegja ekki (um fyrirburðinn). En ég hef orðið var við hann margoft og þetta samband, það er ekki bara hann, heldur fleiri, það eru þarna verur, lifandi verur. Og svo kemur þessi þróun, sem kemur fyrir hálfum mánuði síðan. Þá kemur eiginlega atburður sem er líka þrýst inn á mig, ég kalla það atburð, því mér finnst það ekki vera ekta draumur, þetta er miklu líkara minningu, sem ekki er aftur á bak eins og venjuleg minning, heldur fram á við, maður man í öfuga átt. Og það er svona:

Minning fram á við. Geimfarið stóra.

Mér þykir að það sé komið til míni. Ég held ég sé líklegast frekast norður á Akureyri, einhversstaðar er ég staddir, það var gott veður, mér er sagt að það hafi geimfar lent, og sagt hvar það skeði og það var víst talið að ég mundi vera manna líklegastur til að vilja rannsaka svo-leiðis mál. Og ég fór á bílnum mínum þangað sem að til var vísað, það var ekkert langt. Það var sólskin og gott veður. Þá stendur þar geimfar, miklu, miklu stærra heldur en þetta hnöttóttu litla, þetta var stórt, mjög stórt. Mér þótti að þetta væri móðurskip. Ég kallaði það innra með mér að þetta væri móðurskip, hitt var eins og svona smá-skutla. Og ofan til á því var gluggaröð allt í kring með reyklituðum eða skyggðum gluggum. Og ég fer út úr bílnum, en held mér eins og fyrir aftan hann, svona í skjóli, fannst einhvernveginn samt að það væri kannski ógæti-legt að haga sér bara strax eins og þetta væri vinur manns.

Þríhyrnigsmerkið.

Og ég hugsa með mér, ég ætla að gera merki fyrst, og ég geri með hendinni, þrijá punkta sem, mynda jafnhliða þríhyrning. Mér fannst ég vita að þetta væri alheims eða algeimsmerki, og merkti eiginlega það sem kristnir menn nefna þríeinan guð, eða þríeiningu skaparans, þetta væri merki skaparans. Það var ekki sem krossinn heldur þríhyrningur. Og svo sé ég að á bak við rúðuna, þá er svarað, það var eins og einhver væri með ljósmerki, gerði alveg

það sama með ljósum, þríhyrningur gerður með ljósum. Og þá vissi ég það að þetta voru vinir mírir, og gekk óhræddur til móts við geimfarið, þá var rennt út stiga, og opnuðust dyr í sömu hæð og gluggarnir.

Geimfararnir þrír og íslenskukunnátta þeirra

Út komu 3 piltar eða ungar menn, mjög hressilegir og eiginlega skemmtilegir náungar að sjá. Þeir gengu niður stigann og ég tók í hendina á þeim og ég heilsa þeim bara á íslensku. „Sæll og blessaður,” sagði ég við þann fyrsta og heilsaði svo hinum líka, og þeir svöruðu á íslensku líka, ágætri íslensku, og ég sagði við þá: „Þið talið bara lýtalausa íslensku”. Þá hló nú einn þeirra og segir: „Furðarðu þig á því? Við sem lærðum hana af þér!” Og þá fannst mér ég vita það að í gegnum það að hafa verið í vitundarsambandi við þá, þá hafi ég raunverulega veitt þeim, kannski ósjálfráða heimild til að ganga í það sem byggi í mér, sem sé, leyft þeim að læra íslenskuna af mér einhvernveginn með vitundarsambandi, og þeir gátu lært íslenskuna. Og svo fannst mér reyndar líka að ég hefði nú sennilega í svefni hitt þá, fannst eftir á að ég hefði nú líklega hitt þá, án þess að ég hefði munað það að jafnaði. En svo segi ég nú meira: „Þið eru bara komnir í mannsmynd,” segi ég. „Já,” segir einn þeirra, „við erum komnir í mannsmynd af því við ætluðum að heimsækja jörðina, og okkur þótti henta að fá okkur þann búning sem hér þyrfti að hafa.” Og svo myndaði ég vitundarsamband við einn þeirra, og hann sýndi mér það. Ég sá eins og sýn hvernig þeir hefðu verið á varðbergi á einhverjum geimförum líklegast, því að þeir höfðu fylgst með því þegar höfðu orðið slys á ungum mönnum, og þegar þessir ungu menn höfðu hvort sem er misst líkamann, þá höfðu þeir einhvernveginn náð honum og getað komið honum til aftur. Þeir voru búnir að fá einhverskonar búninga sem þeir kölluðu, fá líkama til láns. Þeir sýndu mér þetta. Ég man nú ekki alveg ljóslega hvernig þeir fóru að því, en ég sá það þá. Svo spyr ég þessarar spurningar, ég veit ekkert hvernig stóð á því.

Sambandstilraunir öldum saman.

Ég segi: „Voruð þið búnir að senda lengi?” Og mér finnst eftir á svo skrítíð, því ég hafði ekkert orðið var við það, að þeir væru neitt að senda, og veit ekki hvernig stóð á því að ég fór að spyrja um þetta, „vorusið þið búnir að senda lengi.” Þá segir annar þeirra svona glaðhlakkalega: „Já, þú yrðir undrandi ef þú sæir allt það efni sem við höfum hérna í geymslunni, sem við erum búnir að senda öldum saman. Það gekk svo illa, að við vorum alveg að gefast upp, við vorum eiginlega búnir að ákveða þetta með sjálfüm okkur, að fara að hætta þessu.” Og mér fannst ég sjá í huganum svona eins og nánast einhverjar birgðir, af einhverju, næstum því eins og segulböndum eða svipað eins og maður hefði komist í kjallarann þar sem útværpið geymir allt efni sem hefur verið sent í gegnum tímann. En það var nú samt einhvernveginn öðruvísir, en þetta var allt saman geymt sem þeir höfðu reynt að senda okkur. Og lengri varð þessi draumur ekki.

Mér finnst samt að þetta hafi verið jákvætt á þann hátt að ég hugsa með mér að kannski verði þróunin önnur, þessi þróun sem leiddi til þessarar gífurlegu eyðileggingar sem kom fram í fyrrí sýnum, kannske þarf ekki svo að verða, eða ekki í svo ríkum mæli. Samt finnst mér að þetta sem ég var að lýsa núna, að væri fyrr í örtölvunum en hitt, ekki svo langt liðið á tímann.”

II Umræður

Hófust nú umræður.

M.a. sagði Þorsteinn Guðjónsson við Úlf:
„Nú hefur þú haft þessa tilfinningu allt frá árinu 1982, stundum að þú værir í sambandi.” Úlfur: „Já, öðru hvoru að það væri verið að ýta mér. Ég hef haft tilfinningu fyrir að það væri verur á öðrum hnöttum, og hitt og annað síðan 1948 a.m.k. þá.”

Haukur Sigtryggsson spurði Úlf:

„Gerðir þú þér grein fyrir útliti þínu, hvort það var alveg eins og það er, eða hvort það var frábrugðið?” Úlfur svaraði og sagði: „Ég hugsaði einfaldlega ekki eitt augnablik um útlit mitt, en aftur á móti fannst mér ég kannast ákaflega vel við vitundarástand mitt. Og ég held nú einmitt að vitundarástand manns sé nú ennþá meira einkennandi heldur en nokkurntíma útlitið, en annað mál er það að ég hef upplifað ýmsa hluti. Ég man eftir því frá 1961 t.d. þá var ég á Kirkjubæjarklaustri, þá fannst mér alltaf einhver væri að segja „hann er að deyja”, „hann er að deyja”. Og ég vissi ekkert, fór bara inn í stofu, og settist niður, ef ég gæti komist að raun um hvað þetta væri. Og eftir augnablik þá fannst mér eins og ég væri kominn með allt annað andlit, og ég áttaði mig á hvert andlit þetta var, þ.e. kennara míns í Sviss. Ég var eiginlega einhvern veginn orðinn hann, og það var ekki nóg með það heldur fékk ég minningar kennara míns inn á mig. Og ég var að hugsa það, að sálfræðingurinn Jung, liggur fyrir dauðanum, hann er alveg að deyja. Og ég sá mína ævi eins og hún hafði verið, frá því að ég kynntist honum fyrst og allt fram á þennan dag, og þá áttaði ég mig á þessu, fór niður, og skrifaði þetta allt saman niður. Sendi út á póst og póstlagði það. Daginn eftir kom í útvarpinu að Jung hefði dáið að kvöldi þessa sama dags.

Og ég fékk svar frá Zürich þar sem þessi sálfræðingur skrifaði mér og sagði: „Þetta er allt saman nákvæmlega hárétt. Þetta er mín ævisaga sem var þarna á bak við, þetta er bara vitundarsamband við kennarann. Og vitundarsamband getur vel orðið, og þar af leiðandi vitundarsamband við verur þó að erfitt sé að skila minningunni í gegn séu geimverurnar ekki í mannsmynd.”

P.G.: „Var þetta sem draumur, varðandi kennarann þinn í Sviss?”

Úlfur: „Þetta var í vöku að degi til, á miðjum degi.”

P.G.: „En hvernig kom þetta annað útlit þér fyrir sjónir sem minning.”

Úlfur: „Ég bekkti mitt andlit og vissi að ef ég liti í spegil þá sæi ég þetta andlit.”

P.G.: „En þú leist ekki í spegil?”

Úlfur: „Nei, nei. En mér fannst ég vera með þetta andlit.“

P.G.: „Og þú hafðir marga þætti úr ævisögu kennarans.“

Úlfur: „Já mjög nákvæmt. Petta var langt bréf.“

P.G.: „Og umfram það sem þú hafðir vitað um hann.“

Úlfur: „Já sem ég hafði ekkert vitað.“

P.G.: „Er það ekki varðveitt þetta bréf?“

Úlfur: „Þetta er kona, hún heitir Maria Louis von Frans. Í millitiðinni er þetta orðinn frægasti lærisveinn Jungs, hún var það ekki þá.“

P.G.: „Hvaða ár var þetta?“

Úlfur: „1961. Hann dó þá, Jung. Ég fór 1960 til Sviss og þá er Jung veikur, ég gat ekki fengið að tala við hann, en ég talaði við þennan lærisvein, sem er náinn samverkamaður hans og það varð úr að ég hélt ekki áfram við nám þar, heldur fór heim, því að hún sagði: Eini maðurinn sem þú virkilega hefðir gaman af og þyrftir að hitta hér í Sviss, væri Jung sjálfur. Hún sagði svona: „Hann var frumherji að eðlisfari, þú munt aldrei geta rakið slóð annarra manna, verður að fara þína eigin leið, þú skalt bara fara heim og halda áfram þína eigin leið. En svo höfum við skrifast á alveg síðan. Það hefur margt merkilegt komið fyrir.“

Pétur Gíslason sagði: „Heyrðu, en þetta er frá sjónarmiði Helga Pjeturss, merkilegt að þetta skuli vera þessi frægi maður, Jung, sem þessi fyrirburður gerist snertandi.“

Úlfur: „Já ég efast ekkert um það, því að einmitt fyrir 2 árum eða svo þá hafði ég lesið svona heimsendaspádóma og ég spryr svona inn í mig, skyldi þetta eiga eftir að koma fyrir, eitthvað af þessu? Svo er ég sofnaður, þykir ég vera staddur í ástandi, sem þeir sem eru vanir svefnförum þekkja, það er svona þægilegt rökkur og við erum bara þrjú, það er Jung og ég og þessi kona í Sviss, sem vann með honum. Þá kemur aftur tenging skv. Jung segir svona: „Jú þetta kemur, það koma svona atburðir, en ég veit ekki hvenær það kemur og það veit enginn maður, það verður aldrei gefið upp. Það kemur að óvörum, og það hefur alveg ákveðnar ástæður, því að það er beinlínis til þess að ákveðið úrval verði í mannkyninu, því að fólk

vara sjáltum sér. Og það mannkyn sem ettir litir, verður á vissan hátt úrval, það verður miklu meira af fólki sem hefur innra skyn og virðingu fyrir lífinu heldur en nú er. Mannkynið breytist að því leyti, þar til það verður úrval. Því að ef það aftur á móti væri hægt að reikna út tímann, tíminn væri ákveðinn, þá færi ríka fólkið að hnappast saman á þá staði sem taldir væru öruggir. En það verður ekki þannig."

P.G.: „Þetta var 1961 sem Jung dó.“

Úlfur: „Þetta var bara í draumi, því ég mætti honum þó nokkrum sinnum svona í draumi.“

P.G.: „En skömmu áður hafði hann öðlast reynslu mjög sérstæða og óvenjulega, að hann þóttist horfa á jörðina utanfrá.“

Úlfur: „Já, já, það var töluvert fyrr, 1952. Hann fótbrotnaði og sveif milli heims og helju og fór út í geiminn og hitti þar mjög vitran mann sem bjó í steini þar.“

P.G.: „Hann sagðist hafa horft á jörðina bláa, og honum var ljóst að hann sjálfur, var ekkert annað en endurminningar sínar. Þetta hefur Þorsteinn Jónsson hvað eftir annað tekið upp og bent á, því að þetta samræmist hans minningakenningu.“

Úlfur: „Já, og svo sér hann einhvern, sem var að koma frá jörðinni, en það var læknirinn hans á jörðinni og hann dreif hann til baka, læknir hans sem sá um fótbrotið hans. Einhvernveginn kom hann með skilaboð frá jörðinni, að það væri of snemmt, hann mætti ekki fara og Jung fór til baka, en þegar hann vaknaði eða rankaði við sér, þá hugsaði hann með sér: Þessi læknir minn hlýtur að vera bráðfeigur. Ég veit ekki á hverju hann byggir það, hann bara segir það í bókinni. Það reyndist rétt vera, hann var bráðfeigur, lést fljótlega. Hann hefði ekki getað ferðast svona, fannst honum (Jung) nema hann væri feigur. En það er nú held ég mismunandi hvað menn geta losað sig við margalíkami án þess að vera dauðir.“

Þorsteinn Jónsson tók til máls og sagði: „Mig langar til að spyrja Úlf hvort hann hafi aldrei séð sjálfan sig í spegli í draumi?“

„Jú,” svaraði Úlfur og hló við, „ég sá sjálfan mig í spegli í draumi fyrir fáeinum dögum.”

P.J.: „Og hvernig var útlit þitt þá?”

Úlfur: „Það var nú *stórmerkilegt sem ég sá*, últitið á sjálfum mér í spegli um daginn. Ég hafði mikið þykkt svart hárr, og ég var mjög laglegur, allt að því kvenlegur í útliti, og ég hugsaði með mér: „Ég lít bara út eins og ungt fall- egt stórskáld. Allt öðruvísí.”

Eftirmáli.

Það sem að framan er skráð, hefur *Sveinn Haraldsson* ritað orðrétt eftir segulbandsupptöku, bæði erindi Úlfs Ragnarssonar læknis sem hann flutti blaðalaust og eins umræður þær, sem á eftir fylgdu.

Framanskráð frásögn Úlfs er beint framhald af draumvitrun þeirri hinni merkilegu, sem birt var í síðasta hefti Lífgeisla. — Erindi þetta var flutt á félagsfundí Nýalsinna, að Álfhólsvegi 121, í Kópavogi 6. desember 1984 og bera umræður þær, sem hér eru birtar að loknu erindinu, vott um viðbrögð og þátttöku fundarmanna.

I.A.

MYR:

Úr ljóðum Davíðs Stefánssonar

*Ég horfði út um gluggann og himin drottins sá,
og hugur minn gat flogið um endalausa geima.
Ég flaug á milli stjarnanna af fögnumi og brá,
og fannst ég vera heima.*

*Ég logaði af gleði
og gamla drauma réði,
fann geislabylgjur himins um sálu mína streyma.*

(Að Norðan I.)

Þorsteinn Guðjónsson:

Hrynjandi veldi

Í varnargrein fyrir austurríksa sálfræðinginn S. Freud (1859-1939) eftir Danann Kæld Jörgensen (Lesbók Mbl. 1. júní 1985), gegn grein úr Der Spiegel, sem birst hafði í Lesbók nokkru áður — er gefið í skyn að hin framkomna ádeila á Freud sé eitthvert einangrað fyrirbæri. „Spiegel-grein þessi varð til á flókinn hátt“ (1) segir þarna.

Eftir því sem ég best fæ séð er miklu líkara því að ríki Freuds standi nú völtum fótum og fari hrörnandi. Hygg ég að sú þróun sé ekki alveg ný, heldur hafi hún verið að sækja í sig veðrið í nokkur ár. Séð hef ég grein í virtu heimspekitímariti þar sem hin íslenska draumakenning (kenning Nýals) er tekin fram yfir hina freudisku. — „Eftir að höfundurinn hefur gert grein fyrir kenningunni um draumgjafa, gerir hann harða hríð að Freud og Jung og tryggir sér verðugan sess meðal þeirra sem stefna að því að hrekja þær kenningar“ segir John Dudley, í Revue Philosophique de Louvain, í ritdómi um bók eftir Íslending. Þetta var fyrir nærrí tveim árum, en ég hygg að mjög hafi hallað undan fæti fyrir Freud síðan.

Athyglisvert er að Kæld Jörgensen heldur að Freud hafi orðið svo frægur sem raun ber vitni, fyrst og fremst með því að tala um undirvitund annarsvegar og um kynhvöt hinsvegar. (Aðrir, miklu þekktari þá, töluðu mest um þau atriði á þeim árum, án þess að nokkrum dytти í hug að Freud hefði uppgötvað þau). Jörgensen segir: „Freud uppgötvaði *líka* lögmál og inntak drauma.“ Hann virðist halda, að þetta síðastnefnda hafi verið einhverskonar aukageta í hinni miklu framleiðslu Freuds. En þar skjátl-aðist honum. Það var bókin „Die Traumdeutung“ (1900), sem smám saman ruddi honum braut. Freud taldi sig hafa uppgötvað eðli drauma, og menn voru ekki við því búinir þá, að hrekja þann málatilbúnað hans. En nú er öðru máli að gegna. Þessvegna berst Kæld Jörgensen, og nokkrir aðrir, vonlausri baráttu fyrir hinu fallandi ríki Freuds.

Að kynhvötin hverfi úr sögunni með því tel ég fráleitt. Hún var til áður, og verður framvegis. En undirvitund var aldrei til, og sofi hún í ró.

Til þess að skera úr um það sem mestu skiptir um eðli drauma, ætla ég að bera fram spurningu, sem snertir kjarna málsins. Ég þykist vita að Kæld Jörgensen sé vel síðaður maður, sem telur sér skyld að svara rétt fram borinni spurningu. Ég vil spryja hann, hvort hann telur að það fyrirbæri sem nefnt er Telepati á flstum Evrópumálum (og meðal annars er minnst á í ritum Freuds), eigi sér stað, sé raunverulegt. Svarið hlýtur að vera já eða nei, því enginn vafi er á hvað í orðinu felst. Ég bíð eftir svari Kælds Jörgensens og vona að það verði skýrt og skorinort.

P. S. Þessi grein var ætluð til birtingar í dagblaði. En ekki varð af því að koma henni til birtingar.

p. G.

Hvers vegna erum við hér.

Hugleiðing

Í skoðanakönnun reyndist stór hópur fólks æskja þess að flyttjast af landi brott. Það leiðir hugann að því, hvers vegna við erum hér.

Fyrir miðilmunn er sagt, að með sambandsviðleitni og sambandshvöt hafi norrænir menn verið leiddir frá Indlandi til Norðurlanda, til þess að bjarga norræna málínu, íslenskunni og ýmsu fleiru.

Nú er íslenskan aðeins tölud hér á Íslandi. Þjóðin hefur varðveitt þetta guðamál í þúsund ár. Til þess erum við hér, til að varðveita íslenskuna uns samband næst við þá norrænu hnetti, sem eru að leitast við að bjarga mannkyni þessa hnattar.

12. 5. 1985.
Gunnar Hjörvar.

Ingvar Agnarsson:

Um framlífsfróðleik

Fróðlegt væri og lærdómsríkt, að kynnast framlífssögu ýmissa manna, sem fluttir eru til anarra hnatta, eftir andlát sitt hér á jörð. Margar slíkar sögur hafa verið sagðar á miðilsfundum Nýalsinna. Hafa þær verið fróðlegar mjög og lærdómsríkar, en helst hefur skort á, að viðkomandi framliðinn maður, hafi getað sannað sig á þann hátt, sem fullnægjandi mætti teljast.

Nýalssinnar hafa einkum lagt áherslu á, að fá sambönd við lengra komna lifendur, þá sem guðir mættu kallast, og fá frá þeim aukna magnan og lífsfyllingu. Hefur þetta verið aðalstefnan á miðilsfundum félagsins, og má telja, að athyglisverður árangur hafi orðið af slíkum samböndum. Einkum hafa það verið verur þær er kalla sig Æsi, er þannig hafa komið fram og talað á fundum okkar. Ekki er hægt að segja, að þeir hafi sannað sig að vera Æsir, en eitt og annað bendir til þess, að þarna sé um goðmagnaðar verur að ræða. Er t.d. allalgengt, að fundarmenn finni orkustrauma sterka leggja um sig alla, einmitt þegar verur þær, er nefna sig Æsi, eru í sambandinu. Sumir viðstaddir fyllast mikilli velliðan á slíkum fundum og finnst eins og séu þeir í nálægð dýrðlegra vera, og njóti magnanar frá þeim og orkuðstreymis. Tel ég að sem mesta áherslu ætti að leggja á að efla þessi guðasambönd.

Sambönd við framliðna menn héðan, hafa og verið talsverð, og hafa þau verið fróðleg á margan hátt og einnig magnandi. Hafa þeir *margir* sagt þætti úr framlífssögu sinni, um komu sína til annars hnattar, um móttökur sem þeir fengu þar, og um líf sitt og starf í hinum nýju heimkynnum. Flestir þeir, sem í sambandið koma hafa góða sögu að segja, af framhaldslífi sínu, en einstaka hafa þó frá annarri reynslu að segja. Hafa þeir komið fram á illum

stað, og lent í hinum mestu mannraunum. Segjast margir þeirra vera komnir á framfaraleið eftir miklar þrengingar, en fyrir hefur og komið, að í sambandið hafa komið menn, er segjast eiga illa ævi, og óska eindregið eftir hjálp héðan til að geta komist á rétta leið. Þeir sem segjast hafa lent á illum stöðum, reyna yfirleitt að gera nokkra grein fyrir, hversvegna þeir lento þarna. Er það þá ævinlega eitt og annar í æviferli þeirra hér, sem *bessu* hefur valdið, og má vel skilja að orsök býður ávallt afleiðingunni heim, hvort sem er til góðs eða ills, og hver er sinnar gæfu smiður, a.m.k. með nokkrum hætti.

Pótt efling guðasambanda á miðlfundum okkar sé áreiðanlega *hið mikilsverðasta*, er og einnig víst, að sambond við framliðna, eru mikilvæg. Eftirlifendur fá sambond við látna vini, og fá við það styrk og huggun, sem ekki væri hæggt að fá á annan hátt. Er þeim þetta mjög *mikils* virði og ómetanlegt.

Ég held og, að efna mætti til sérstakra miðilsfunda, þar sem einkum væri leitað sambanda við þessa menn, sem farnir eru héðan á ýmsum tímum sögunnar, þekkta menn, og einnig ýmsa þá sem farnir eru fyrir ekki löngu. Framlífssögur þessara manna væru fróðlegar og mætti vafalaust margt af þem læra, ef sterk og örugg sambond tækjust. Af framlífssögum gætu núlifandi menn lært og ályktað hvernig haga mætti lífi sínu og látið sér skiljast, hvað helst bæri að varast og h vað helst væri eftirsóknarvert.

Ef vitneskja okkar um framlífsferil annarra manna gæti orðið okkur hjálp til að bæta lífernir okkar og átta okkur á eigin lífi, þá væri vissulega mikils vert, að reyna að efla þau sambond.

MYR:

Spekiorð úr ljóðum Davíðs Stefánssonar.

Hinn seki þekkir syndarinnar kvalir
og getur orðið lýðsins leiðarstjarna
og verndað hina veiku frá að hrasa

Úr: Að Norðan I.

Porsteinn Guðjónsson:

Gildi bekkingar

Dálítið svar við endurteknum misskilningi.

Ég var að hlusta á gott erindi eftir Ævar Kvaran, sem hann flutti ásamt konu sinni Jónu Rúnu í sunnudagsútvarpið. Erindið var um hina svonefndu Essena, flokk óeigingjarnra og hjálpssamra manna í Gyðingalandi sem voru þar á undan Kristi og um hans daga, en virðast síðan hafa horfið úr sögunni, — ætla sumir að Jesús hafi gengið í reglu þeirra og boðskapur hans sé að verulegu leyti sá sami og þeirra, en það mundi ekki rýra gildi hans í neinu, þótt svo væri. Mjög vænt þótti mér um að Ævar skyldi láta það koma fram í erindi sínu að kenning Essena hefði verið að töliverðum hluta runnin frá Pythagórasí og öðrum Grikkjum, og miðar sú vitneskja til þess að bægja frá hleypidómum. Guðlegt ljós skein yfir Grikkjum og vei þeim sem reyna að sverta ljósið.

Svo ágætt sem mér þótti margt í erindi Ævars Kvarans, þá var þar eitt sem jafnan vekur mér varygð, þegar ég heyri því haldið fram. En það er þetta að trú, tilfinning, innri vissa um Guð sé það sem almestu máli skipti, og hjá því sé fastmótuð þekking lítilsvirði. Þetta getur í bili virst mjög álitlegt. En eins og Helgi Pjeturss hefur oft og rækilega bent á, þá fer oft verr þegar þessi skoðun verður að fjöldahreyfingu. Nauðsynlegt er að afla þekkingar, vitneskju um hina huldu dóma til þess að áköf hrifning fólks breytist ekki í andstæðu sína. Trúarhugmyndir um hina himnesku Jerúsalem og hinn fjarlæga Asgarð dugðu ekki til að koma lífinu í gott horf, þó að eitthvað hafi þær fróað í bili. Viðleitni Nýalssinna til að rótfesta í skynsamlegu viti það sem mönnum hefur fundist vera frá hinum óumræðilega, er sönn og rétt, og henni mun með einhverju móti framengt verða. Sjálfur Guð ætlaðist til þess þegar hann hóf að mynda þennan þátt tilverunnar fyrir hundrað milljón oldum, að slík uppgötvun og það sem af henni leiðir, næði að koma fram og ná framgangi í fyllingu tímans á stjörnunni Jörð.

13.1. '85.

Ingvar Agnarsson:

Stærð sólstjarna

Flestar sólstjörnur eru svo fjarlægar, að stærð þeirra er aðeins hægt að reikna út með óbeinum aðferðum. Stærstar eru ýmsar af hinum rauðu risastirnum. Sólstjarnan *Antares*, í Sporðrekamerkinu er t.d. svo stór, að væri sólin okkar sett í miðju hennar mundi yfirborð hennar ná út fyrir braut Mars, sem er fjórða reikistjarnan frá sólinni talið (Hinar eru: Merkúr, Venus og Jörðin). Antares er að þvermáli um það bil 390 sinnum stærri en sólin. Þó eru til sólstjörnur, sem eru ennþá stærri.



Minnstu stjörnurnar eru þær, sem kallaðar eru hvít dvergstirni, og eru ekki stærri en jarðstjörnur, en aftur á móti eru þær geysilega eðlisþungar. Ein slík fylgir hinni björtu sól *Síriusi* og er kölluð *Sírius B*.

Gunnar Hjörvar:

Helgi Pjeturss og Adam Rutherford

Hugleiðing:

Nokkrum árum fyrir seinni heimstyrjöldina kom hing-að til lands skoskur maður, Adam Rutherford. Hann hafði ásamt fleirum unnið að rannsókn á Pýramídanum mikla í Egyptalandi.

Pýramídinn mikli sýnir með táknum gang mála á þessari jörð allt til vorra daga, segir Adam Rutherford. Sérstaklega er bent á Ísland í þessum táknum og telur hann það eiga miklu hlutverki að gegna í sögu þessa mannkynns.

Adam Rutherford kom með rit með sér til Íslands og voru þau þýdd á íslensku. Þau heita: „Pýramídinn mikli“ og „Hin mikla arfleið Íslands“. Í ritum þessum rekur Adam Rutherford þessar rannsóknir og gerir grein fyrir niðurstöðum sínum.

Á milli talna og ártala ritar Adam Rutherford skýringar. Þessar skýringar byggir hann á trúarbrögðum og trúarbragðasögu. Hann skýrir táknum sem gang trúarbragða og telur, að vísindi og trú séu tvær hliðar hins eilífa sannleika. (Pýramídinn mikli, bls. 31). Hann var mikill „biblíutrúarmaður“ og sú afstaða hefur ef til vill leitt hann að þessari niðurstöðu.

Helgi Pjeturss er á öðru máli. „Vísindi í trúarstað“, ritar hann í Nýal (bls 25). Hann mat velvilja Adams Rutherford til ísleksku þjóðarinnar, en tók ekki að öðru leyti undir boðskap hans. Það má ef til vill segja, að trúarbrögð séu nauðsynlegur undanfari vísinda, en Helgi Pjeturss var kominn yfir það stig.

10.4.'85.

Þorsteinn Guðjónsson:

Rétt draumakenning í stað rangrar

Í grein Velvakanda 18. maí s.l., eftir Steinar Guðmundsson, sem kunnur er að leiðbeiningarstarfi meðal ofdrykkjumanna, er tekið undir þá gagnrýni á kenningar Sigmunds Freuds (1859-1939) sem sagt er frá í grein í Lesbók Mbl. 27.4. og 4. 5. (Þýðing úr Der Spiegel 25.12. 1984). Er það álit Steinars að kenningar Freuds séu skaðlegar mjög, og átelur hann heilbrigðisþjónustu okkar fyrir að fara eftir þeim í blindni.

Í þessar merku greinar hvorartveggja (í Lesbók og Velvakanda) þykir mér vanta nær algerlega það aðalatriði, að Freud varðfrægur, ekki í fyrsta lagi sem læknir eða sálfræðingur, heldur sem draumafræðingur. Bókin sem gerði hann frægan heitir „Die Traumdeutung“ („Draumaráðningin“) (1900), og síðari bækur hans báru lík nöfn. Menn héldu, að Freud hefði uppgötvað í fyrsta lagi: *Eðli drauma*, eða hvað draumar væru, og í öðru lagi: *Tilvist undirvitundar*. Á þessu tvennu byggðist það að menn héldu að mikið væri til hans að sækja sem sálfræðings. Spannst síðan út frá því langur lopi, sem nú er verið að rekja upp, eins og fram kemur í Spiegelgreininni, en sjálf draumfræði hans er þar aðeins lítillega gagnrýnd.

Freud uppgötvaði ekkert um eðli drauma og undirvitundin er ekki til. Þetta hef ég sagt áður og segi það enn. Þessi tvö aðalatriði hafa líka þegar náð að koma fram í alþjóðlegum bókmennnum, um þessi efni, og koma nöfn nokkurra Íslendinga við þá sögu. Í ritdómi sem skrifður var í heimspekitímaritið Revue philosophique de Louvain af John Dudley (1983) var sagt um undirritaðan að hann sé meðal þeirra sem fastast sækja fram gegn kenningum Freuds og Jungs („L'Auteur s'oppose fortement à Freud et Jung et consacre un place importante à la refutation de leurs theories“) Miklu meira vert er þó að vel og rækilega

er gerð fyrir því grein hvernig sjálf hin íslenska draumakenning er.

Hinn rétti skilningur, hin raunverulega uppgötvun er farin að koma fram á sjónarsviðið, erlendis, og farin að hafa þar áhrif. Og þá dofnar villuljósið af sjálfu sér. Ljósið frá Íslandi er farið að skína.

Ágætur náttúrufræðingur sagði við mig fyrir ekki löngu, að ég hefði einhversstaðar skrifað, að sá sem átti mesta sök á 2. heimsstyrjöldinni hafi hvorki verið Hitler né Stalín, heldur Sigmund Freud. Ég var nærri búinn að gleyma því að hafa skrifað þetta og hálf-hváði við. Fræðimaðurinn sagði þá: „Ég er að hafa þetta eftir, af því að mér finnst þetta vel koma til greina“. Þar með vorum við orðnir á einu máli, nefnilega því, að þeir sem spilla hugafarinu með röngum kennisetningum geti verið meiri áhrifavaldara til ills en jafnvel þeir sem aðeins gerast einskonar framkvæmdastjórar hins ranga hugarfars.

MYR

Nauðsyn hvatningar

Enginn er svo stór að ei verði lítill ef á bjátar. Enginn er svo lítill að ekki verði stór ef hann nýtur stuðnings og viðurkenningar. Enginn er svo stór að ekki verði lítill af sönum eða ósönum rógburði.

Réttlátt hrós er hverjum manni hvatning til dáða. Réttlát hvatning getur ráðið úrslitum um lífshamingju.

S.S.T.

LJÓÐ:

Ómar ungi:

Ásareið in nýja

*Er stjörnuskrúðið skæra
hér skín á himni blá
oss virðist ljúft að læra
um ljóssins heima þá:
Er stjarna stafar niður
svo stillt og töfра hljótt
oss virðist fró og friður
umfaðma jarðar drótt.*

*En maður fæst við fleira
en fegurð himingeims
vill ennþá, ennþá meira,
helst alla sögu heims.
Úm miljón miljón heima
hin minnsta stjarna'er brot
og spurnir stöðugt streyma
en stöðugt svara prot.*

*Hvar eruð þér svo Æsir,
sem áður gistið hér
þar sem nú kjarnöld hvæsir?
af kvíða titrum vér.
Hvað er að fréttu'af yður
sem áður börðust djarft?
Er yður fenginn friður
sem fyrrum knúðust hart?*

*Hvað er um Þór og Óðin?
Er elsku Baldur lífs?
og Loki leiði slóðinn
hinn ljóti valdur kífs?
Er konan enn sú eina
sem eitri bægir frá?
Hvað Frigg og Freyja meina
hvort fáum við að sjá?*

*Hvort mun í stjörnum staður
þar stjórnvald Ása rís
og má svo nokkur maður
þar mæla ef hann kýs?*

*Pingdjarfir á Pingvelli,
— þangað skal leita fanga —
kunnir menn fá að finnast,
fát skal á engan máta.—
Vitaðsgjafi hér verði
vonin með frónskum sonum.*

*Á stjörnu her skal hér skorað
skundum á ný til funda.
Stjörnu vorri er stjórnað
stórrilla, þó við tórum.
Bjargið þér, sjá oss borgið
blessaðir, gætið þessa.
Mannið með miljónanna?
mergð svo að táknað verði,
Hetjudáð utan haturs
haldið í œðra veldi.
Brosglampar bjartra ljósa
bliðheimur verði'um síðir
drenglyndi dáðmæringa
dröttir leysi frá ótta.
Leifstrandí komi loftfar
líðandi á Pingvöll friðan.
Sólskin á himni sœlum
Svalandi lækur hjali.
Tengist hér tryggðum mengi,
tállaust að vinar skálum.*

Draumur um stórhyrnt dýr

I.

Mér þótti ég klifra upp hamra nokkra og með mér var drengur, á að giska 8 ára, eftir stærð hans að dæma. Gekk okkur vel að komast upp. Er upp var komið á kletta þessa, tók við flatt landslag, þar sem skiptust á aflangar klappir og graslendi á milli. Ekki höfðum við lanöt farið, er við sáum allstórt dýr á beit, og var það skammt frá okkur. Það var nokkru stærra en fullorðin kind, fremur háfætt og sléttthært, brúnt á lit. Sá ég á ská framan á hægri hlið dýrsins. Það sem sérkennilegast var við dýr þetta voru hornin, sem stóðu út úr höfði þess. Þau voru mikil og stór. Lengd þeirra beggja hefur varla verið minni en einn metri. Þau stóðu næstum því beint út frá hausnum. Voru þó örlítið bogadregin upp á við. Allsver voru þau uppvið höfuðið en smámjókkuðu, unz þau urðu örgrönn í endana. Mér þótti dýrið fagurt á að sjá, litur þess og vaxtarlag, en hornin helst til viðamikil, miðað við stærð þess.

Ég sagði við drenginn, að við skyldum koma okkur í burtu, því ekki væri að vita, hvort dýrið væri með öllu meinlaust. — Endaði hér draumurinn.

II.

Ekki hef ég í vöku séð neitt dýr eins í útliti og þetta draumséða dýr. Einhversstaðar í ríki náttúrunnar hlýtur það að eiga heima. E.t.v. á þessari jörð, en einnig hugsanlega á einhverri annarri í öðru sólhverfi. Draumgjafi minn, sá sem kleif klettana og sá dýrið, og heima á á einhverjum fjarlægum stað, hefur komist í samband við minn sofandi heila, þótt trúlega hafi hann ekki af því vit-að. Og þannig skynja ég það sem hann gerir, sér og hugsar. Og á meðan á draumnum stendur, finnst mér að ég sé þessi maður. Samstilling heila og taugakerfis okkar hefur komist á, meðan draumurinn varði. Geislunaráhrif frá hinum fjarlæga, vakandi manni, hafa náð til hinna næmu stöðva í heila mínum.

Slík fjarhrif eru undirstaða allra drauma. Allir eru þeir sambandsreynsla. Draumur eins er ævinlega vöku-reynsla annars manns. En að vísu eru draumar stundum litaðir rangþýðingum, sem eiga rætur eða upptök í eigin minningum dreymandans, og stundum getur orðið nokkuð erfitt að greina á milli hvað er komið beint frá draumgjafa og hvað eru endurminningar okkar sjálfrar. En með nokkurri æfingu má þó oftast finna hér á allgreinileg skil.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 11. nóv. 1978).

Fiskiskútan

Táknrænn fyrirboðadraumur

I.

Nokkru fyrir áramót 1913 dreymdi mig neðanskráð: Mér þótti hag mínum vera þannig komið, að ég vera neyddur til að hætta starfsemi minni og loka vinnustof-unni og sá engin úrræði til lífsframfærис fyrir mig og konu mína og 5 börn, annað en að ráða mig, sem háseta á fiskiskútu, en sjóferðir hafa alltaf verið mér þyrir í augum, því þegar ég orðið að ferðast á sjó hefur mér liðið hálf illa.

Mér þykir nú samt komið þannig málum, að ég sé ráð- inn á skútu og er kominn, þar um borð, sem vaktmaður, skútan lá við festar hér í höfninni, mér þótti vera hásumar fagurt og blítt veður, svo að sjórinn var sléttur, sem speg- ill, ég var aleinn á skipinu mér hafði ekki verið annað verk falið, en að gæta skipsins og gekk ég því aðgerðar-laus um dekkið. Þegar ég hafði dvalið um borð í skipinu nokkra stund, sé ég að rís alda all há og stefnir að skipinu og leggur það á hliðina, svo að það sporreisist þannig, að þar, sem ég stand á öldustokknum horfi ég upp þilfarið, eins og lóðréttan vegg og sé ég ekki annað, en það hvolfi á hverju augnabliki, því farið var að vatna undir fætur mér þar sem ég stóð á öldustokknum, mér verður hugsað heim til konu minnar og barna, á þessa leið. „Já svona ætlar sjó-

mennskan að fara, Guð almáttugur hjálpi blessuðum útlendingnum manninum með öll börnin". Þetta ástand varði nokkrar sekundur, en svo fór ég að merkja að skipið fór afar hægt að rétta sig við, en hægt fór það, smá leið yfir til baka, þar til, að það var komið aftur, á réttan kjöl og sjórinn spegil-sléttur aftur, þar með lauk draumnum - um.

II.

Um morguninn 2. apríl 1914 fer ég til vinnu minnar að vanda, hress og frískur, fer heim um 12 leytið, til að snæða hádegisverð geng svo aftur til starfs með töluberðum áhuga, en um kl. 4 e.h. fer ég að kenna lasleika sem alltaf eykst, svo að ég verð að hætta vinnu og fer heim, en þá kemur í ljós, að ég er með 39 stiga hita. Lækis er vitjað og hann álítur að sjúkdómurinn sé taklaus lungnabólga.

Ég ligg í hálfan mánuð með um og yfir 40 stiga hita miklu óráði og annarri vanlíðan. Á 14 dægri, sýnist læknin mjög tvísýnt um endalokin, segir að það hljóti að skipta um eftir 2-3 tíma og þá sé spurningin hvort hjartað þoli, því umskiptin verði mjög snögg læknirinn kom eftir 3 tíma, þá vaknaði ég eins og af draumi til lífsins, hjartað hafði dugað. Frá þeim degi fór ég að smá hjarna við, fer svo eðlilega batnandi dag frá degi, en það lengi var ég að safna kröftum, að ég var ekki vinnufær fyrr en í septembermánuði um haustið, afleiðingarnar urðu þær, að vinnustofan stóð lokuð í 5 mánuði, því ég hafði þá engan hjálparmann, en að lokum fékk ég fullan bata og starfskrafta.

Skútan rétti sig við, þó seint gengi.

Baldvin Einarsson

(Fæddur 8.10 1875 — Dáinn 5.4. 1961)
Draumur þessi hefur ekki við birtur fyrr.

Sambandstal í einrúmi

Bjarni komdu sæll.

Nu ætla ég að reyna að segja nokkur orð, og er ég að hugsa til ykkar stjörnu og vildi ég geta ýmislegt sagt ykkur.

Nú líkar mér lífið vel, ánægður með það yfirleitt, og nú er ég að verða öflugur og það er mjög mikilsvert. Ýmislega hef ég verið að reyna að skilja fyrra líf mitt betur, og er það nauðsynlegt, er maður hefur hug á því að stefna að framlifi í framfaraátt.

Hugarfarið er mjög misjafnt hjá hinum ýmsu einstkingum í frumliði.

Hugsun mannsins er þokkennd og vitið lítið, það sem er held ég nauðsynlegt er að auka mannlegan skilning og vit.

Já, ef jarðarbúar vissu um eðli lífsins og tilgang þess, og vissu um lifssamband við aðrar stjörnur, gæti skapast möguleiki til að koma vitinu fyrir þá.

Mannshugurinn er merkilega skapandi þegar hann er best rannsakandi.

Talsvert erfitt nú að koma minni hugsun skýrt fram í þetta sinn. Það þykir mér mjög nauðsynlegt að ég geti náð betri tökum og að ég gæti sagt við þig margt sem ég er að hugsa.

Heimskunni er erfitt að skilja sannleikann sem liggar þó beint við eins og H.P. benti á, en sem enn er þó eigi treyst til gagns.

Ill öfl eru það vissulega sem valda böli mannkynsins. Þetta vissi Helgi og skildi nauðsyn þess að beina öllum mætti alls mannkyns að því að sigrast á illum áhrifum.

Mjög ískyggilega virðist horfa fyrir mannkyninu nú þegar styrjaldarhættan magnast, og er þörfin á stefnubreytingu mikil. Það eru nógar hætturnar þó að eigi beiti menn hugviti og kröftum í ranga átt. Það þyrfti vísindalegan skilning á eðli lífsins til þess að maðurinn lærði að stefna í rétta átt.

Þessi sigur vísindamanna er þegar unnin og er það íslenskur sigur, og H.P. er sá, er þann sigur vann. Eins og ból jarðar er þungt, eins verður léttirinn mikill er mennirnir taka upp lífstefnu. Sú mikla breyting er af einum toga spunninn, og ég er nú miklu betur fatinn að skilja þessa hluti. Áður en ég kveð nú í þetta sinn vil ég vona að mér fari að takast betur að koma mér hér við, þakka vinur, vertu sæll.

*Sveinn Haraldsson.
(Ritaði jafnóðum hverja setningu).*

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.
Fram kom: Swedenborg hinn sænski.

Komið sæl.

Ég var á ykkar jörð sjáandi í fjarlæg sólkerfi (og) vetrarbrautir og ákaflega var margt merkilegt, sem mér vitraðist í fjarskynjunum mínum og skildi (ég) þó ekki allt vísindalegum skilningi í fyrstu.

En reynslan (var) mér mikilsverð og ég taldi mig þurfa að segja frá því, sem fyrir mig bar og ég reyndi það í mörgum ritum að lýsa þessum hlutum, sem mér vitruðust.

Það held ég ekki hafi alveg ómerkilegt verið, því ég fann að þarna var um að ræða samband jarðarbúa við annað fullkomnara tilverustig.

Þar birtist mér margt stórkostlegt. Annað á verri veg, stundum til illra staða. En ég sá heimkynni framlíðinna bæði fögur og ömurleg.

Það var eins og tvennt ólíkt, er biði manna, eftir hugarfari og breytni í jarðlifi þeirra.

Þetta merkilega lögþátt: líkur sækir líkan heim, er í fullu gildi í framlífi.

Kveð ykkur.

11.6.1984.
*Gunnar Hjörvar.
(Ritaði eftir segulbandsupptöku.)*

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.
Fram kom: Ónefnd íslensk kona.

Kona.

Sælir.

Íslensk framliðin kona talar hér stutta stund til ykkar.

Já, mikið hef ég hugleitt ýms efni undanfarið og ef til vill þó hvað mest sagnfræði og heimspeki.

Undrun sætir, hvað sagan er vel rituð á Íslandi í fornöld og þar voru að verki snillingar máls og sagnfræði. Það dylst varla nokkrum manni, held ég, og er það afrek, slíkt ekki hefur litla þýðingu fyrir framtíðina. Þetta, hvernig þessir fornu snillingar festu á bækur liðna sögu, er afburðasnilld, sem sögurnar sanna. Ennfremur miðaði þetta að varðveislu tungunnar og þjóðernisins er aldir liðu og er þetta enn aðdáunarverðara, er það er haft í huga um leið og sagan var skráð varð málid varðveitt.

Þetta getur orðið tilefni margvíslegra hugleiðinga og heilabrota og er vert að hugleiða *tilganginn með að tala gott mál til dæmis*. En mál manna og mál guða eru skyld að því leyti, að með þeim tjá hvorutveggja hugsanir, tilfinningar og annað, er þeim býr í brjósti eða huga. Þetta er þó ekki hægt að leggja alveg að jöfnu mál guða og manna. *En af málum jarðarinnar hygg ég að íslensk tunga komist næst málí guðanna að fegurð og fullkomnun.*

En mál er misjafnt hjá kynslóðunum eða breytingar eiga sér stað á málí og hugsun einhverjar, þótt margt haldist frá einni kynslóð til annarrar og geymist neistinn, er síst má slokkna og þetta þarf að reyna að halda sem lengst í íslensku málí, upprunalegri mynd, og getur það með öðru mjög hjálpað þjóðinni til aukins broska og bætts sambands við fyrirmyndirnar á fullkomnari hnöttum.

Mun ég nú ekki fjölyrða meir um það að þessu sinni.

Pakka nú fyrir. Verið sælir.

Gunnar Hjörvar.
(Ritaði eftir segulbansupptóku).

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, 121 Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Úranus og Úmbriel. (Sjá forsíðumynd) I.A.....	Bls. 38
Saga íslenskunnar. Þorsteinn Guðjónsson.....	- 39
Samband — Samsálun.I.A.....	- 43
Heimsmyndirnar tvær (með 2 myndum.)..I.A..	- 44
I. Jarðhverfiskenningin. — II. Sólhverfiskenningin.	
Draumar og önnur fyrirbæri. Úlfur Ragnars- son, læknir.....	- 46
I. Erindi.....	- 46
Draumur um svarta sól. — Draumur um svart ský. — Svört sól og svart ský. — Endurtekið samband við geimmanniinn. — Minning fram á við. — Geimfarið stóra. — Príhyrnings- merkið. — Geimfararnir þrír og íslenskukunnáttu þeirra. — Sambandstilraunir öldum saman.	
II. Umræður. — Eftirmáli.....	- 50
Hrynjandi veldi. Þorsteinn Guðjónsson.....	- 55
Hversvegna erum við hér. Gunnar Hjörvar.....	- 56
Um framlífsfróðleik. Ingvar Agnarsson.....	- 57
Gildi þekkingar. Þorsteinn Guðjónsson.....	- 59
Stærð sólstjarna. Með mynd. I.A.....	- 60
Helgi Pjeturss og Adam Rutherford. G.Hjörvar	- 61
Rétt draumakenning í stað rangrar. Þorsteinn Guðjónsson.....	- 62
LJÓÐ:	
Ásareið in nýja. Ómar ungi.....	- 64
DRAUMAR:	
Draumur um stórhyrnt dýr. I.A.....	- 66
Fiskiskútan. — Draumur. Baldwin Einarsson....	- 67
SAMBANDSFUNDIR:	
Sambandstal í einrúmi. Sv. Haralds. skráði....	- 69
Fyrir miðilsmunn. Gunnar Hjörvar ritaði.....	- 70

Swedenborg hinn sænski. — Ónefnd íslensk kona.

MYR:

Úr ljóðum Davíðs Stefánssonar.....	- 54
Úr ljóðum Davíðs Stefánssonar.....	- 58
Nauðsyn hvatningar. S.S.T	- 63